

# Tungan, fullveldið og framtíðin

## 1. Inngangur

Það hefur lengi verið viðtekin skoðun að íslenskan sé helsta réttlætning og forsenda fullveldis Íslands. Áratugum saman hafa ráðamenn keppt um það á hátíðum og tyllidögum að mæra tunguna og gildi hennar fyrir sjálfsmynd þjóðarinnar, sjálfstæði landsins og sjálfstæðisbaráttuna. Um þetta mætti nefna ótal dæmi frá ýmsum tímum en hér verða tvö nýleg látin duga. Í fyrsta þjóðhátíðarávarpi sínu, 17. júní 2013, sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra:<sup>1</sup>

Íslensk tunga og orðsins list er líklega mikilvægasta arfleifð okkar. Þess vegna ber okkur skylda til að styðja við íslenskuna.

Og í síðasta áramótaávarpi sínu, 1. janúar 2016, talaði Ólafur Ragnar Grímsson forseti um gildi Bessastaða í Íslandssögunni og sagði:<sup>2</sup>

Hér mótaði skólinn fyrrum unga sveina sem síðar urðu leiðtogar í baráttunni fyrir auknum rétti, gerðu menningu og tungumálið að hornsteinum kröfunnar um sjálfstæðan sess.

Í þessari grein verður fjallað um þýðingu íslenskrar tungu fyrir fullveldið fyrr og síðar – bæði stjórnarfarslegt fullveldi en einnig og ekki síður menningarlegt fullveldi.<sup>3</sup> Fyrst er rætt um það lykilhlutverk sem tungan gegndi í sjálfstæðisbaráttunni fram til 1918, og stjórnarfarslega stöðu hennar á þeim tíma. Síðan er fjallað um stjórnskipunarlega stöðu tungunnar á lýðveldistímanum, og umræður um að setja ákvæði um stöðu hennar í stjórnarskrá. Þá er litið á þau áhrif sem hugsanleg fullveldisskerðing við aðild að Evrópusambandinu hefði á tunguna og stöðu hennar. Því næst er fjallað um menningarlegt fullveldi þjóðarinnar og umræður um mögulega skerðingu þess vegna erlendra áhrifa. Að lokum er rætt um stöðu íslenskrar tungu um þessar mundir, það áreiti sem hún býr við, og framtíðarhorfur hennar í veröld örra breytinga.

---

<sup>1</sup> <https://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-greinar-sdg/nr/7625> [sótt 30.6. 2016].

<sup>2</sup> [http://www.forseti.is/media/PDF/2016\\_01\\_01\\_Aramotaavarp.pdf](http://www.forseti.is/media/PDF/2016_01_01_Aramotaavarp.pdf) [sótt 30.6. 2016].

<sup>3</sup> Bent hefur verið á að „[s]kilgreining hugtaksins „fullveldi“ er [...] mismunandi eftir fræðasviðum, auk þess sem deilt er um rétta skilgreiningu þess innan einstakra fræðasviða“. Davíð Þór Björgvinsson: *EES-réttur og landsréttur*. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2006, bls. 430. Sjá einnig Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*. Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkAkademían, Reykjavík 2001, bls. 235-239; Eva Dóra Kolbrúnardóttir: „Aðild Íslands að EES-samningnum. Afsal fullveldis og lýðræðishalli.“ Lokaverkefni til MA-gráðu í alþjóðasamskiptum, Háskóla Íslands, Reykjavík, október 2013, bls. 63-75. <http://skemman.is/handle/1946/16467>.

## 2. Tungan sem vopn í sjálfstæðisbaráttunni

Alkunna er að tungan lék eitt aðalhlutverkið í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.<sup>4</sup> Allt frá upphafi baráttunnar snemma á 19. öld var áhersla lögð á tungumálið og mikilvægi þess fyrir íslenskt þjóðerni og þjóðarvitund.<sup>5</sup> Iðulega var sett samasemmerki milli hnignunar tungumálsins og dvínandi þjóðerniskenndar eins og t.d. má sjá í *Reykjavíkurlögum* 1847:<sup>6</sup>

[...] reynslan kennir nefnilega, að móðurmálið er það kröftugasta meðal til að viðhalda þjóðerni, glæða föðurlandsást, styrkja innbyrðis samheldi og félagsskap, og hin öblugasta vörn gegn annarlegri yfirdrottnun. Eingin þjóð getur týnt máli sínu og verið söm eptir og áður, heldur stendur og fellur þjóðin og málið hvört með öðru; týni hún málinu, eða láti sér fara til muna aptur í því, eða fari hún að verða afskiptalítill um það hvernig með málið er farið, afklæðist hún þjóðerni sínu að því skapi [...].

Hnignun tungumálsins er einnig tengd við afturför á öðrum sviðum, m.a. í greinum um stöðu íslenskrar tungu í *Nýjum félagsritum*, tímariti Jóns Sigurðssonar forseta:<sup>7</sup>

[...] hnignun móðurmálsins hefir jafnan verið samfara afturför þjóðarinnar sjálftrar í hverskyns dáð og framkvæmdum, í þreki og frjálstræði. [...] Eptir því sem þjóðinni hnignaði og hún fór fremur að verða háð Dönnum og uppá þá komin, en danskir embættismenn fjölguðu í landinu, og dönskum kaupmönnum var seld einokun verzlunarinnar, eptir því hvarf meir og meir allur íslenzkur blær af öllum dómum og embættisskjölum, sem upp úr því var farið að semja sumpart gjörsamlega á dönsku, en sumpart á dönskuþlendingi, eða með dönsku sniði og danskri ordaskipan, svo enginn gat nè getur enn af þeim þekkt hið eðlilega og fagra móðurmál vort.

Samt er viðurkennt að

[þ]ó að stjórnin hafi verið óþjóðleg, hefir hún þó þegar á hinum næstlidnu öldum látið frá sér útganga ýmisleg lagaboð og ráðstafanir, sem hefði mátt verða móðurmáli voru og þjóðerni til töluverðrar stoðar, ef Íslendingar hefði fært sér það í nyt [...].<sup>8</sup>

Í sömu grein eru síðan raktar ýmsar tilskipanir og konungsbréf allt frá 17. öld sem mæla fyrir um eða heimila notkun íslensku á ýmsum sviðum stjórnsýslunnar.<sup>9</sup> Aftur á móti er kvartað um að embættismenn fylgi þessum tilskipunum slælega og tregðist margir við að nota íslensku í störfum sínum.

<sup>4</sup> Sjá t.d. Kjartan G. Ottósson: *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*. Íslensk málnefnd, Reykjavík 1990, bls. 76-103.

<sup>5</sup> Sjá t.d. Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*, bls. 14.

<sup>6</sup> „Um móðurmálið.“ *Reykjavíkurlögurinn*, 1. árg. 1847, 4. tbl., bls. 50. (Greinin er væntanlega eftir ritstjórn, Pál Melsteð.)

<sup>7</sup> J[ón] G[uðmundsson]: „Um mál vort Íslendinga.“ *Ný félagsrit*, 9. árg. 1849, bls. 69-70.

<sup>8</sup> Sama rit, bls. 73.

<sup>9</sup> Sama rit, bls. 73-77.

Með tilskipun konungs 21. desember 1831 var mælt fyrir um það „að birta skyldi á prenti bæði á dönsku og íslenzku öll þau lagaboð er Ísland snerti“.<sup>10</sup> Með konungsúrskurði 8. apríl 1844 var ákvarðað að enginn skyldi fá embætti á Íslandi nema hann sýndi fram á að hann skildi íslensku og gæti bjargað sér á henni.<sup>11</sup> Íslenska var tungumál Alþingis allt frá endurreisn þess 1845<sup>12</sup> og í stjórnarskránni frá 1874 er tekið fram að engan megi skipa embættismann á Íslandi nema hann „hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í hinum gildandi ákvörðunum um kunnáttu í máli landsins“.<sup>13</sup> Í stjórnarskrárbreytingu sem var gerð þegar Ísland fékk heima-stjórn 1904 var tekið fram að ráðherra Íslands skyldi tala og rita íslenska tungu.<sup>14</sup>

Á seinni hluta 19. aldar var verið að draga skarpari landamæri en áður víða um Evrópu og Þjóðríki í nútímaskilningi voru að verða til. Víða lentu þá innan sama ríkis hópar og Þjóðarbrot sem töluðu mismunandi tungumál. Til að tryggja einingu ríkisins lögðu stjórnvöld iðulega áherslu á eitt ríkismál, og bönnuðu jafnvel notkun annarra tungumála innan ríkisins. Þetta kom t.d. skýrt fram í afstöðu franskra stjórnvalda til bretónsku á síðari hluta 19. aldar.<sup>15</sup> Afstaða danskra stjórnvalda var gerólík – þau virðast aldrei hafa gert miklar tilraunir til að þröngva dönsku upp á Íslendinga eins og framangreind dæmi sýna.

Þótt áhersla væri lögð á endurreisn tungunnar og hreinsun af dönskum áhrifum<sup>16</sup> í tengslum við eflingu Þjóðerniskenndar og baráttu fyrir auknum réttindum Íslendinga á 19. öld virðist sú baráttu fyrst og fremst hafa verið háð innanlands en ekki við dönsk stjórnvöld. Öfugt við marga aðra minnihlutahópa innan ríkja þurftu Íslendingar ekki að berjast sérstaklega fyrir því að fá að nota móðurmál sitt á flestum sviðum. Tungan var hins vegar sameiningartákn, réttlætning Íslendinga fyrir sérstöðu sinni og ekki síst notuð til að leiða Íslendingum sjálfum fyrir sjónir hver sú sérstaða væri. Víða í Evrópu var tungan vígvöllur baráttunnar – á Íslandi var hún vopnið.

En þótt tungan væri talin „einasti vottur hins fyrra Þjóðernis vors og frægðar“<sup>17</sup> var aldrei minnst á fullveldi eða sjálfstæði Íslands í því sambandi enda var slíkt ekki á dagskrá á þeim tíma – Jón Sigurðsson barðist einkum fyrir verslunarfrelsi og ýmsum öðrum réttindum Íslendinga en talaði ekki um sjálfstæði.<sup>18</sup> Orðið *fullveldi* var ekki einu sinni til í málinu í nútímamerkingu – elsta dæmið sem ég hef fundið um orðið er úr auglýsingu Kristjáns konungs níunda um setningu stjórnarskrárinnar 1874, þar sem segir:<sup>19</sup>

<sup>10</sup> Sama rit, bls. 77.

<sup>11</sup> Sama rit, s.st.

<sup>12</sup> *Skýrsla nefndar um lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknmálsins*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavík 2010, bls. 63. [https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/242/skyrsla\\_islensk\\_tunga\\_2010.pdf](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/242/skyrsla_islensk_tunga_2010.pdf) [sótt 30.6. 2016]; Kjartan G. Ottósson: *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*, bls. 80.

<sup>13</sup> Björg Thorarensen: „Stjórnarskrárákvæði um íslenska tungu.“ *Skýrsla stjórnlaganefndar 2011*. Stjórnlaganefnd, Reykjavík 2011, I. bindi, bls. 218.

<sup>14</sup> Sama rit, s.st.

<sup>15</sup> Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska Þjóðríkið – uppruni og endimörk*, bls. 24.

<sup>16</sup> Sjá einkum Kjartan G. Ottósson: *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*, bls. 76-103.

<sup>17</sup> J[ón] G[uðmundsson]: „Um mál vort Íslendinga.“ *Ný félagsrit*, 11. árg. 1854, bls. 54.

<sup>18</sup> Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska Þjóðríkið – uppruni og endimörk*, bls. 93 o.v.

<sup>19</sup> „Stjórnarskrá Íslands.“ *Andvari*, 1. árg. 1874, bls. 111-112.

Það er von Vor, að Vorir trúu Íslendingar taki á móti gjöf þeirri, sem Vèr þannig af frjálssu fullveldi höfum veitt Íslandi [...].

Flest elstu dæmin um orðið eru svipuð þessu – verið að tala um fullveldi konungs. Það er ekki fyrr en kemur fram undir aldamótin 1900 að farið er að tala um fullveldi þjóða. Í *Eimreiðinni* 1896 kemur fram að orðið er notað sem þýðing á „Suverænitet“.<sup>20</sup> En orðið nær þó ekki verulegu flugi fyrr en 1908, í umræðu um „uppkastið“ svokallaða. Dæmin um það á tímarit.is það ár eru 189, sex sinnum fleiri en árið áður. Dæmunum snöggfækkar svo aftur en tíðnin rýkur upp á ný fullveldisárið 1918. Mjög svipaða tíðniþróun má sjá hjá lýsingarorðinu *fullvalda*, en fyrsta dæmi um það er einnig úr *Eimreiðinni* 1896 þar sem það er notað sem þýðing á „suveræne“.<sup>21</sup>

Þegar farið var að ræða um fullveldi og sjálfstæði Íslands í upphafi 20. aldar var tungan enn mikilvæg röksemd. Það má t.d. sjá í greinargerð íslensku fulltrúanna í sambandslaganefndinni 1918:<sup>22</sup>

Íslenzka þjóðin hefur ein allra germanskra þjóða varðveitt hina fornu tungu, er um öll Norðurlönd gekk fyrir 900-1000 árum, svo lítið breytta, að hver íslenzkur maður skilur enn í dag og getur hagnýtt sér til hlítar bókmenntafjársjóði hinnar fornu menningar vorrar og annarra Norðurlandþjóða. Með tungunni hefur sérstakt þjóðerni, sérstakir siðir og sérstök menning varðveitst. Og með tungunni hefur einnig meðvitundin um sérstöðu landsins gagnvart frændþjóðum vorum ávallt lifað með þjóðinni. Þessi atriði, sérstök tunga og sérstök menning, teljum vér skapa oss sögulegan og eðlilegan rétt til fullkomins sjálfstæðis.

Stjórnarskrárákvæði um tungumálakunnáttu féllu brott með stjórnlagabreytingu sem gerð var 1920 í framhaldi af sambandslagasamningnum og fullveldinu 1918, en í staðinn kom ákvæði um að engan mætti skipa embættismann nema hann hefði íslenskan ríkisborgararétt.<sup>23</sup> Þetta ákvæði er enn í stjórnarskrá.

### 3. Stjórnskipuleg staða tungunnar á lýðveldistímanum

Eins og alkunna er hefur heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar aldrei farið fram, hvorki þegar Ísland fékk fullveldi 1918 né við lýðveldisstofnun 1944. Engin ákvæði um tungumál eru því eða hafa verið í stjórnarskránni, að öðru leyti en því sem að framan greinir. Hugmyndir um slíkt hafa þó nokkrum sinnum komið fram, m.a. hjá Íslenskri málnefnd, og tillaga um þetta kom fram á Alþingi 2003.<sup>24</sup> Í áfangaskýrslu nefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar frá 2007 er

<sup>20</sup> V[altýr] G[uðmundsson]: „Landsrjettindi Íslands og stjórnarbarátta.“ *Eimreiðin*, 2. árg. 1896, 1. tbl., bls. 6.

<sup>21</sup> Sama rit, s.st.

<sup>22</sup> Björn Þórðarson: *Alþingi og frelsisbaráttan 1874-1944*. Alþingissögufnd gaf út, Reykjavík 1951, bls. 330. Sjá einnig Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*, bls. 197.

<sup>23</sup> Björg Thorarensen: „Stjórnarskrárákvæði um íslenska tungu“, bls. 218.

<sup>24</sup> „Tillaga til þingsályktunar um að athuga réttarstöðu íslenskrar tungu.“ 387. mál á 130. löggjafarþingi 2003-2004, þskj. 517. <http://www.althingi.is/alttext/130/s/0517.html>.

Þessara hugmynda getið en tekið fram að nefndin hafi „ekki tekið afstöðu til þess hvort þörf sé á því að geta þess í stjórnarskrá að íslenska sé þjóðtunga Íslendinga“.<sup>25</sup>

Með lögum nr. 61/2011 fékk íslensk tunga þó stöðu sem opinbert tungumál á Íslandi. 1. grein laganna hljóðar svo:<sup>26</sup>

Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.

Í annarri grein laganna er svo skýrt nánar hvað í þessu felist:

Þjóðtungan er sameiginlegt mál landsmanna. Stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.

Í 8. grein segir enn fremur:

Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólástigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannþjónustu.

Og 12. grein hljóðar svo:

Íslenska er opinbert mál Íslands á alþjóðavettvangi.

Í greinargerð með frumvarpinu segir:<sup>27</sup>

Sérstakt álitaefni var hvort ástæða væri til að mæla í stjórnarskrá fyrir um stöðu tungunnar sem opinbers máls íslenska ríkisins. Ákvæði sem lúta að tungumálum er að finna í stjórnarskrám 158 ríkja en einungis í 26 stjórnarskrám er tungumála að engu getið. Í mörgum stjórnarskrám Evrópuríkja er berum orðum mælt fyrir um hvaða tungumál sé opinbert mál ríkisins.

Nefndin sem skilaði skýrslu sem frumvarpið byggist á taldi ekki tímabært að setja ákvæði um tungumál í stjórnarskrá en taldi rétt að huga að því við endurskoðun stjórnarskrárinnar.<sup>28</sup>

Undirbúningur að þeirri endurskoðun stóð einmitt yfir um sama leyti. Sumarið 2010 kaus Alþingi sérstaka stjórnlaganefnd sem skyldi semja drög að nýrri stjórnarskrá Íslands.<sup>29</sup> Nefndin stóð m.a. fyrir þjóðfundum haustið 2010 þar sem 950 fulltrúar, valdir af handahófi úr þjóðskrá,

---

<sup>25</sup> „Endurskoðun stjórnarskrárinnar. Áfangaskýrsla nefndar um endurskoðun stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, febrúar 2007“, bls. 8. Þskj. 1293. <https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6453/1293.pdf>.

<sup>26</sup> „Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs“, 61/2011. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2011.061.html>.

<sup>27</sup> „Frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslenskt táknaðs.“ 533. mál á 139. löggjafarþingi 2010-2011, þskj. 870. <http://www.althingi.is/altext/139/s/0870.html>.

<sup>28</sup> Skýrsla nefndar um lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknaðsins, bls. 167. [https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/242/skyrsla\\_islensk\\_tunga\\_2010.pdf](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/242/skyrsla_islensk_tunga_2010.pdf).

<sup>29</sup> Skýrsla stjórnlaganefndar 2011, bls. 15.

settu fram og ræddu hugmyndir um hvað vera skyldi í nýrri stjórnarskrá. Íslensk tunga og verndun hennar kom þar oft fram. Í skýrslu nefndarinnar segir:<sup>30</sup>

Nefndin er sammála um að í íslenskri tungu séu falin ómetanleg menningarverðmæti og hún því eitt af einkennum Íslendinga sem beri að vernda og efla. Því telur nefndin að kveðið skuli á um íslensku sem þjóðtungu í stjórnarskrá. Almennt ákvæði um íslenska tungu myndi fyrst og fremst leggja skyldur á herðar opinberum aðilum og yrði leiðarljós við lagasetningu. Ákvæðið feli ekki í sér að íslenska sé formlega gerð að opinberu tungumáli íslenska ríkisins og annarra opinberra aðila en grundvallist þó augljóslega á þeirri forsendu að störf íslenskrar stjórnarsýslu o.s.frv. fari fram á íslensku. Nánari útfærsla á íslensku sem opinberu máli verði í höndum hins almenna löggjafa.

Nefndin lagði því til að svohljóðandi ákvæði yrði í nýrri stjórnarskrá:<sup>31</sup>

Íslenska er þjóðtungu á Íslandi og skal ríkisvaldið styðja hana og vernda.

Í framhaldi af starfi stjórnlaganefndarinnar var skipað sérstakt stjórnlagaráð sem lagði fram tillögu að nýrri stjórnarskrá fyrir Ísland sumarið 2011. Í henni er ekkert ákvæði um þjóðtungu en hins vegar vikið að tungumáli á nokkrum stöðum. Í aðfaraorðum segir:<sup>32</sup>

[...] saman berum við ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi og sögu, náttúru, tungu og menningu.

Í 32. grein tillagna stjórnlagaráðs, um menningarverðmæti, segir:<sup>33</sup>

Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.

Í skýringum við þessa grein segir:<sup>34</sup>

Náttúra Íslands og menning þjóðarinnar, þar með talin tungan og sagan, eru systur. [...] Menningararfurinn hefur víðtækari skírskotun en menningarminjar og nær yfir sögu landsins og þjóðtungu.

Í 6. grein tillagnanna, um jafnræði, segir svo:<sup>35</sup>

Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna [...] tungumáls [...].

---

<sup>30</sup> Sama rit, bls. 69-70.

<sup>31</sup> Sama rit, bls. 73.

<sup>32</sup> „Frumvarp til stjórnskipunarlaganna ásamt skýringum.“ Stjórnlagaráð, Reykjavík 2011, bls. 9.

<sup>33</sup> Sama rit, bls. 14.

<sup>34</sup> Sama rit, bls. 77.

<sup>35</sup> Sama rit, bls. 10.

Í skýringum við þessa grein segir:<sup>36</sup>

Í ljósi þess að sterkar raddir hafa verið á lofti um að setja íslenska tungu inn sem eitt af grunngildum í inngangsgrein að frumvarpi þessu þykir nauðsynlegt að nefna að bannað sé að mismuna fólki á grundvelli þessarar breytu. [...] Þessu ákvæði er ætlað að útiloka mismunun gagnvart fólki sem talar annað mál en íslensku eða aðra mállýsku en þá sem ráðandi er í samfélaginu hverju sinni.

Ekki kemur fram í skýringunum eða öðrum gögnum stjórnlagaráðs hvers vegna ákvæði um íslensku sem þjóðtungu eða grunngildi hafi ekki verið sett í stjórnarskráartillögurnar, þrátt fyrir að „sterkar raddir“ hafi verið á lofti um það. Út frá því sem þarna segir má þó e.t.v. ætla að ráðið hafi talið að slíkt ákvæði gæti orði grundvöllur einhvers konar mismununar, nú á tímum alþjóðavæðingar og fjölmennningarlegra samfélags en áður. En einnig er rétt að benda á að fáum vikum áður en stjórnlagaráð skilaði tillögum sínum hafði það verið fest í lög að íslenska væri þjóðtunga Íslendinga, eins og áður segir. Hugsanlegt er að það hafi verið talið nægjanlegt til að tryggja stöðu tungunnar, og óþarft eða óheppilegt að setja slíkt ákvæði í stjórnarskrá.

Tillögur stjórnlagaráðs hafa ekki hlotið afgreiðslu og þær breytingar sem nú er helst til umræðu að gera á stjórnarskránni varða ekki íslenska tungu.<sup>37</sup> Því er ekki útlit fyrir að tungan fái sess í stjórnarskránni á næstunni a.m.k.

#### 4. Tungan, fullveldið og Evrópusambandið

Undanfarinn aldarfjórðung hefur verið talsverð umræða um fullveldi Íslands í tengslum við þátttöku landsins í Evrópska efnahagssvæðinu og hugsanlega aðild að Evrópusambandinu. Skiptar skoðanir eru um hvort aðild að EES samræmist varla ákvæðum stjórnarskrár,<sup>38</sup> og enginn vafi er á því að aðild að ESB hefði í för með sér nokkurt framsal fullveldis, þannig að nauðsynlegt yrði að breyta stjórnarskránni ef til aðildar kæmi. Spurningin er hvort og þá að hvaða marki slík fullveldisskerðing hefði áhrif á íslenska tungu og stöðu hennar – bæði réttarstöðu og stöðu í samfélaginu og gagnvart öðrum tungum.

Frá stofnun árið 1957 hefur Evrópusambandið (áður Evrópubandalagið) lagt áherslu á að virða þjóðtungur sambandsríkjanna.<sup>39</sup> Í upphafi var ákveðið að opinber tungumál sambandsins skulu vera þau sex sem voru opinber mál stofnríkjanna, og þau áttu að hafa jafnan rétt. Þegar ný ríki hafa verið tekin inn í sambandið hafa opinber mál þeirra jafnframt orðið opinber mál

---

<sup>36</sup> Sama rit, bls. 42.

<sup>37</sup> „Drög stjórnarskrárnefndar að nýjum ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, samkvæmt ákvæði um stundarsakir, sbr. 1. gr. stjórnskipunarlaga nr. 91/2013.“ <https://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir2/Thrju-ny-akvaedi--drog-.pdf> [sótt 30.6. 2016].

<sup>38</sup> Sjá t.d. Davíð Þór Björgvinsson: *EES-réttur og landsréttur*, bls. 378-398; Eva Dóra Kolbrúnardóttir: „Aðild Íslands að EES-samningnum. Afsal fullveldis og lýðræðishalli.“

<sup>39</sup> Gauti Kristmannsson: „Móðurmálshreyfingin og málstefna Evrópusambandsins.“ *Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar*, 11. árg. 2011, 3. tbl., bls. 49-67.

sambandsins.<sup>40</sup> Opinber tungumál ESB eru nú 24, fjórum sinnum fleiri en í upphafi. Þar að auki njóta nokkur tungumál sem töluð eru í ríkjum sambandsins sérstöðu sem hálfopinber mál, s.s. katalónska á Spáni og velska í Bretlandi.<sup>41</sup>

Þótt stundum hafi komið fram hugmyndir um að fækka opinberum málum sambandsins hafa þær ekki fengið hljómgrunn og ekkert bendir til að slík grundvallarbreyting á málstefnu sambandsins verði í framtíðinni.<sup>42</sup> Þvert á móti:<sup>43</sup>

Málstefna Evrópusambandsins hefur einnig þróast umtalsvert undanfarin ár og helgast það af öflugum pólitískum stuðningi við fjöltyngi í álfunni. Framkvæmdastjórn og Evrópuþingið hafa ítrekað ályktað um mikilvægi tungumála, tungumálakennslu og fjöltyngi þegnanna.

Ef íslenska væri opinbert mál innan Evrópusambandsins myndi það tákna að fulltrúar landsins gætu talað íslensku á vettvangi þess og fundir yrðu túlkaðir á og af íslensku. Í raun hefur aðildin að EES þegar styrkt tunguna með starfsemi þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins þar sem stór hluti af lögum og reglum ESB er þýddur á íslensku. Gauti Kristmannsson prófessor segir:<sup>44</sup>

Fullyrða má að þar fer fram einhver mesta endurnýjun og uppbygging íslenskrar tungu í dag. Án þess starfs væri íslenskan miklu fátækari en ella.

Fátækari vegna þess að við þessar þýðingar verður ekki aðeins til réttarfarslegur grundvöllur og reglur til að vinna eftir heldur einnig ný orð, ný hugtök, ný svið tungunnar. (63)

Í krafti aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu taka Íslendingar þátt í mennta- og vísindaáætlunum Evrópusambandsins og hafa íslensk menning og íslensk tunga notið þess á ýmsan hátt.<sup>45</sup> Þar má t.d. nefna þátttöku í verkefninu META-NET á árunum 2011-2013.<sup>46</sup> Markmið þessa verkefnis, sem náði til allra opinberra mála Evrópska efnahagssvæðisins og nokkurra hálfopinberra, 30 alls, var einkum að koma upp rafrænum mállegum gagnasöfnum (textasöfnum, orðasöfnum, talsöfnum o.fl.) til að nýta í máltækni, t.d. vélrænum þýðingum, og auðvelda þannig samskipti fólks með mismunandi móðurmál. Með tilstyrk verkefnisins voru byggð upp margvísleg íslensk gagnasöfn sem eiga eftir að nýtast í máltækni og málrannsóknnum á næstu árum.<sup>47</sup>

Þótt Íslendingar tækju á sig nokkra skerðingu á stjórnarfarslegu fullveldi við inngöngu í Evrópusambandið yrði það síst til þess að veikja stöðu íslenskunnar – þvert á móti má færa að

---

<sup>40</sup> Sama rit, bls. 59.

<sup>41</sup> [http://ec.europa.eu/languages/policy/linguistic-diversity/official-languages-eu\\_en.htm](http://ec.europa.eu/languages/policy/linguistic-diversity/official-languages-eu_en.htm) [sótt 30.6. 2016].

<sup>42</sup> Gauti Kristmannsson: „Móðurmálshreyfingin og málstefna Evrópusambandsins“, bls. 59.

<sup>43</sup> Sama rit, bls. 64.

<sup>44</sup> Sama rit, bls. 63.

<sup>45</sup> Sama rit, bls. 64.

<sup>46</sup> <http://www.meta-net.eu> [sótt 30.6. 2016].

<sup>47</sup> Eiríkur Rögnvaldsson, Kristín M. Jóhannsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Steinþór Steingrímsson: *Íslensk tunga á stafrænni öld*. Springer Verlag, Berlín, 2012. <http://www.meta-net.eu/whitepapers/e-book/icelandic.pdf>.



Því góð rök að staða tungunnar myndi styrkjast verulega við aðild. Slíkt hefur t.d. gerst með írsku, sem fékk stöðu opinbers tungumáls innan ESB árið 2007 „og er það sennilega kraftmesta vítamínsprautu sem írsk tunga hefur fengið í áratugi ef ekki aldaráðir,“ segir Gauti Kristmannsson.<sup>48</sup>

## 5. Menningarlegt fullveldi

En það er til annars konar fullveldi en fullveldi í lagalegum og þjóðréttarlegum skilningi. Í forystugrein *Alþýðumannsins* á Akureyri á fullveldisdaginn, 1. desember 1959, segir:<sup>49</sup>

Í hugum flestra mun fullveldi tákna stjórnarfarslegt sjálfstæði, en minnst skyldum vér þess, að efnahagslegt og menningarlegt fullveldi, það að hafa full tök á efnahags- og menningarlífi þjóðarinnar, skiptir ekki minna máli.

Hugtakið *menningarlegt fullveldi* virðist fyrst koma fyrir á prenti í fréttablaðinu *Skildi* í Vestmannaeyjum á fimm ára afmæli fullveldisins, 1. desember 1923. Þar segir:<sup>50</sup>

Mörg þjóð hefir orðið að fórna blóði sinna bestu sona til þess að öðlast stjórnarfarslegt fullveldi. Svo mikils virði hefir það verið þeim. Þó er andlegt menningarlegt fullveldi engu minna virði. [...] Vjer getum notað útlent efni sem ívaf í íslenska uppistöðu og sniðið úr því efni stakk eftir vexti vorum en vjer eigum aldrei að laga vöxt vorn eða limaburð eftir erlendri flík, þótt glæsileg kunni að sýnast í svipinn. Ef þessa er gætt, þá eignumst vjer menningarlegt fullveldi og fáum niðjunum í hendur helgan erfðagrip.

Á fyrri hluta sjöunda áratugar 20. aldar var oft talað um menningarlegt fullveldi, ekki síst í tengslum við sjónvarp herliðsins á Keflavíkurflugvelli, Kanasjónvarpið svokallaða. Því var haldið fram að útsendingar þess út fyrir varnarsvæðið væru brot á íslenskri menningarhelgi og ógnuðu menningarlegu fullveldi Íslands. Hápunkt þeirrar umræðu markaði áskorun svokallaðra sextíumenna til Alþingis um að takmarka útsendingar sjónvarpsins við herstöðina.<sup>51</sup>

Í þessari umræðu var megináherslan yfirleitt á dagskrárefninu og áhrifum þess á menninguna, en einnig var stundum minnst á tungumálið í þessu samhengi. Þannig segir í ályktun sem samþykkt var á fundi íslenskra stúdenta í París 15. desember 1961 að heimild sem ríkisstjórnin gaf herliðinu til að auka sendistyrk sjónvarpsstöðvar sinnar sé:<sup>52</sup>

alvarleg skerðing á menningarlegu fullveldi þjóðarinnar [...] Fyrir Íslendinga á Íslandi á að sjónvarpa og útvarpa á íslenzku. [...] Áhrif amerískra lifnaðarháttanna eru ekki ein-kennandi fyrir Ísland heldur alla Vestur-Evrópu, og er hverjum sjálfrátt að líta á þá þróun

<sup>48</sup> Gauti Kristmannsson: „Móðurmálshreyfingin og málstefna Evrópusambandsins“, bls. 63.

<sup>49</sup> *Alþýðumaðurinn*, 29. árg. 1959, 40. tbl. 1. desember, bls. 2. (Væntanlega er greinin eftir ritstjórnann, Braga Sigurjónsson.)

<sup>50</sup> *Skjöldur*, 1. árg. 1923, 11. tbl. 1. desember, bls. 1.

<sup>51</sup> Sjá t.d. „60 skora á 60. Vilja að hermanna sjónvarpið verði takmarkað við herstöðina.“ *Tíminn*, 48. árg. 1964, 62. tbl. 14. mars, bls. 1.

<sup>52</sup> *Þjóðviljinn*, 27. árg. 1962, 10. tbl. 13. janúar, bls. 12.

sem sýnist. Hitt munu allir dómbærir menn sammála um að áhrif amerikanisma á tungumál og menningu þessara þjóða eru ískyggilegri.

Það er því ljóst að tungumálið var talið grunnþáttur og forsenda menningarlegs fullveldis. Þetta kemur skýrt fram í bæklingnum *Íslensk menningarhelgi* sem Þórhallur Vilmundarson prófessor samdi 1964. Þar segir:<sup>53</sup>

[...] íslensk tunga og þjóðleg menningarverðmæti eru einangrunarfyrirbæri í þeim skilningi, að þau væru ekki til, ef þjóðin hefði ekki fengið að lifa lífi sínu í þessu landi án þess að verða fyrir of stríðum erlendum áhrifum.

Og Þórhallur spyr:<sup>54</sup>

Er ekki e.t.v. réttast að gefa upp vörnina og stuðla að því, að Íslendingar taki sem fyrst upp hagnýta heimstungu eins og ensku og renni sem skjótast saman við milljónþjóðirnar? Því er fyrst til að svara, að hið eina, sem veitir Íslendingum – tæplega 190 þúsund sálum við yzta haf – sérstakt og sjálfstætt gildi í sögu veraldarinnar og heimsmenningarinnar, er þjóðleg menning þeirra, tunga þeirra, bókmenntir og saga, og varðveizla hins íslenska og norræna menningararfs um meira en þúsund ár. Ef Íslendingar felldu niður þessa varðstöðu um menningararf sinn, væri heimsmenningin fátækari eftir og gildi þeirra sálna, sem hér búa, rýrnaði að sama skapi. En hér við bætist, að hið sérstaka þjóðerni Íslendinga hefur veitt þeim metnað til að spjara sig á ýmsum sviðum og þar með aukinn mátt í erfiðri lífsbaráttu.

Þórhallur telur því nauðsynlegt „að standa trúan vörð um tungu okkar og önnur arftekin þjóðarverðmæti, sem greina okkur frá öðrum þjóðum og ein veita okkur sjálfstætt, jákvætt gildi í samfélagi þjóðanna“ og gæta þannig íslenskrar *menningarhelgi*.

En *menningarlegt fullveldi* er vandmeðfarið hugtak vegna þess að skilgreining þess er ekki skýr – enn óskýrari en skilgreining stjórnarfrags fullveldis. Í áður nefndri tilvitnun í *Alþýðumanninn* er það skýrt sem „að hafa full tök á [...] menningarlífi þjóðarinnar“, en hvað eru „full tök“ og hvenær hefur þjóðin þau; og hvað er innifalið í „menningarlífi þjóðarinnar“? Það er a.m.k. ljóst að flestir sem nota hugtakið telja tungumálið eitt það helsta sem þar þurfi að huga að.

Eftir að íslenska sjónvarpið hóf útsendingar og takmarkanir voru settar á útsendingar Kana-sjónvarpsins upp úr miðjum sjöunda áratugnum bar lítið á áhyggjum af menningarlegu fullveldi Íslands um tuttugu ára skeið. En umræðan kviknaði á ný á níunda áratugnum í tengslum við

---

<sup>53</sup> Þórhallur Vilmundarson: *Íslensk menningarhelgi. Erindi um sjónvarpsmálið efnislega samhljóða ræðu fluttri á almennum fundi á vegum Stúdentaráðs Háskóla Íslands í Sigtúni 20. apríl 1964, skrifað til flutnings í útvarp, en vísað frá af útvarpsráði með ágreiningslausu samkomulagi á fundi 5. maí um að fella niður allar umræður um sjónvarpsmálið – að sinni. Helgafell, Reykjavík 1964, bls. 3.*

<sup>54</sup> Sama rit, bls. 4.

ýmsar tækniframfarir, ekki síst sjónvarpssendingar milli landa um gervihnött. Þannig sagði Stefán Jón Hafstein í bók sinni *Sagnaþulir samtímans* 1987:<sup>55</sup>

[...] í tveimur málaflokkum [er] sýnt [...] að menningarlegu fullveldi ríkja er stefnt í hættu – hér er átt við gagnaflæði þvert á landamæri og beinar gervitunglasendingar.

Og hann bætir við:<sup>56</sup>

Beint gervitunglasjónvarp í Evrópu mun fyrst reyna af fullri alvöru á það hvað „menningarlegt fullveldi“ ríkja þýðir í raun.

Á síðustu árum hefur umræðan um menningarlegt fullveldi svo risið aftur og nú í tengslum við stjórnarfarslegt fullveldi, ekki síst umræðuna um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Gauti Kristmannsson hefur t.d. notað þetta hugtak óspart í greinum sínum þar sem hann rökstyður hvernig Evrópusambandsaðild myndi gagnast íslenskri tungu.<sup>57</sup>

## 6. Tungan og framtíðin

Um þessar mundir virðast ekki miklar líkur á að Ísland afsali sér stjórnarfarslegu fullveldi í hendur Evrópusambandsins á næstunni, en framtíð menningarlegs fullveldis landsins er meira vafamál. Þar er tungumálið lykilatriði. Tungumálið skapar sérstakan menningarheim sem bæði bægir frá áhrifum annarra menningarheima og torveldar aðgang okkar að öðrum menningarheimum. En á síðustu árum hafa vissulega orðið gífurlegar þjóðfélagsbreytingar sem gætu stuðlað að því að rýra menningarlegt fullveldi landsins. Ég hef nýlega rakið helstu breytingarnar sem gætu haft áhrif á tungumálið og aðra þætti menningarinnar.<sup>58</sup>

- *Snjalltækjabyltingin*. Flestir Íslendingar, a.m.k. yngra fólk, eiga snjallsíma eða spjaldtölvur nema hvorttveggja sé. Í gegnum þau tæki er fólk sítengt við alþjóðlegan menningarheim sem er að verulegu leyti á ensku, þar er fólk að spila leiki á ensku, horfa á myndefni á ensku o.s.frv. Notendur þessara tækja eru sífellt með þau á lofti og þannig hefur dregið úr venjulegum samskiptum á íslensku.
- *Gagnvirkir tölvuleikir*. Margir, einkum yngra fólk, spila mikið af tölvuleikjum sem eru undantekningarlaust á ensku. Margir þessara leikja eru spilaðir á netinu þannig að þátttakendur geta verið víða um heim. Leikirnir eru iðulega gagnvirkir – krefjast mállegra samskipta á ensku. Sú málkunnátta sem þannig byggist upp er því virk og gerir meiri kröfur til notenda en óvirk kunnátta.
- *YouTube- og Netflix-væðingin*. Nær allir Íslendingar eru nettengdir og hafa þannig aðgang að ótakmörkuðu myndefni á YouTube, Netflix og öðrum efnisveitum. Búast má

<sup>55</sup> Stefán Jón Hafstein: *Sagnaþulir samtímans*. Mál og menning, Reykjavík 1987, bls. 287.

<sup>56</sup> Sama rit, bls. 297.

<sup>57</sup> Sjá t.d. Gauti Kristmannsson: „Móðurmálshreyfingin og málstefna Evrópusambandsins.“

<sup>58</sup> Eiríkur Rögnvaldsson: „Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málþróunar.“ *Skírnir*, 190. árg. vor 2016, bls. 22-24, og heimildir sem þar er vísað til.

við að notendum Netflix fjölgi verulega nú þegar það er opinberlega í boði á Íslandi. Líklegt er að börn og unglingar séu stór hluti neytenda þessa efnis sem vitaskuld er mestallt á ensku og ótextað.

- *Ferðamannastraumurinn.* Fjölgun ferðamanna hefur haft mikil áhrif bæði í viðskiptalífínu og menningarlífínu. Verslanir leggja sífellt meiri áherslu á að höfða til útlendinga með auglýsingum og vörumerkingum á ensku, og sleppa jafnvel íslenskunni. Menningarviðburðir af ýmsu tagi, s.s. tónleikar og leiksýningar, fara einnig í auknum mæli fram á ensku til að ná til ferðamanna.
- *Fjölgun innflytjenda.* Búast má við að fólki með annað móðurmál en íslensku fjölgi verulega á næstu árum. Þar er aðallega um að ræða erlent vinnuafli, en einnig hælisleitendur og flóttamenn. Nýlega kom fram í fréttum að þörf væri á stórfelldum innflutningi vinnuafli á næstu árum, þannig að búast mætti við því að 15% íbúa landsins yrði af erlendum uppruna árið 2030.
- *Háskólastarf á ensku.* Skiptinemum og öðrum erlendum stúdentum við íslenska háskóla fer fjölgandi og einnig erlendum kennurum. Vaxandi hluti háskólakennslu fer því fram á ensku. Jafnframt er sífellt meiri áhersla lögð á virka þátttöku í alþjóðlegu háskólastarfi þar sem enska er aðaltungumálið. Þjálfun stúdenta í að fjalla um viðfangsefni sín á íslensku fer því minnkandi.
- *Alþjóðavæðingin.* Breytt heimsmynd hefur leitt til þess að fólk er hreyfanlegra en áður og íslenskir unglingar sjá ekki framtíð sína endilega á Íslandi. Í nýlegri könnun kom fram að helmingur 15-16 ára unglinga á Íslandi vill búa erlendis í framtíðinni – var þriðjungur fyrir hrun. Ekki er ótrúlegt að þetta hafi áhrif á viðhorf unglinga til íslenskunnar sem þeir vita að gagnast þeim lítið erlendis.
- *Talstýring tækja.* Flest tæki eru nú tölvustýrð að mestu leyti og þessum tækjum verður á næstunni stjórnað með tungumálinu að miklu leyti – við munum tala við tækin. Margir þekkja nú þegar leiðsögutæki í bílum, eða Siri í iPhone, eða sjónvörp sem talað er við. Framfarir í talgreiningu eru stórstígar og búast má við að ýmsum algengum heimilistækjum verði stjórnað með því að tala við þau.

Öll þau atriðið sem hér eru nefnd gætu haft mikil áhrif á íslenskan menningarheim og menningarlegt fullveldi landsins.<sup>59</sup> Þau áhrif koma í gegnum þá menningu og menningarheima sem fólk kemst nú í nánari snertingu við en áður, en áhrifin á tungumálið gætu þó reynst afdrifaríkust. Það er nefnilega vel hugsanlegt að það mikla áreiti sem íslensk tunga verður fyrir um þessar mundir verði til þess að veikja málið á ýmsan hátt og minnka viðnámsþrótt þess, og leiði með tímanum til þess að notkunarsvið málsins skerðist og það verði undir í baráttu við enskuna.

---

<sup>59</sup> Sjá einnig Jón Karl Helgason: „Nátttröllid: Hugleiðing um óljós landamæri menningarlífsins.“ *Hugrás, vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*, 1. júní 2016. <http://hugras.is/2016/06/natttrollid/> [sótt 30.6. 2016.].

## 7. Að lokum

Land, þjóð og tunga hefur lengi verið órjúfanleg þrenning í huga margra Íslendinga. Eins og rakið var í 2. kafla er lítill vafi á því að íslenska hefur á undanförunum öldum skipt sköpum fyrir sjálfstæði og fullveldi landsins, og sérstakt tungumál var frumforsenda þess að Íslendingar litu á sig sem sérstaka þjóð og kröfðust sjálfstæðis á 19. öldinni. Spurningin er hins vegar hvort þetta hafi breyst eða sé að breytast. Er tungumálið orðið veigaminni þáttur en áður í sjálfsmynd Íslendinga? Um þetta hefur nokkuð verið deilt á undanförunum árum. Því hefur verið haldið fram að<sup>60</sup>

náttúran sé að taka við af tungumálinu og menningunni sem helsta viðmið íslenskrar þjóðernisstefnu – eða mikilvægasta tákni þess sem gerir okkur að Íslendingum og greinir okkur frá öðrum þjóðum.

Ekki eru þó allir sannfærðir um þetta.<sup>61</sup> Hvað sem því líður virðist unga kynslóðin ekki líta á tungumálið sem jafnmikilvægan þátt í sjálfsmynd sinni og þeir sem eldri eru. Það er hins vegar ómögulegt að segja hvaða áhrif það hefði á fullveldi þjóðarinnar, hvort heldur er menningarlegt eða stjórnarfarslegt.

Eins og áður segir er skilgreiningin á menningarlegu fullveldi ekki á hreinu og því er erfitt að segja hvenær og hvernig það glatast. Þótt svo færi að Íslendingar legðu íslensku af, eða hún yrði ekki nothæf nema á afmörkuðum sviðum, þarf það ekki að leiða sjálfkrafa til þess að menningarlegt fullveldi glatast. Ég geri t.d. ráð fyrir að Írar telji sig menningarlega fullvalda þjóð þótt flestir þeirra noti ensku í öllu daglegu lífi. Vitanlega felst menningarlegt fullveldi ekki í einangrunarstefnu og það er út af fyrir sig ekki sjálfgefið að það drægi úr menningarstarfsemi og nýsköpun á sviði menningar þótt hér væri töluð enska í stað íslensku.

Íslensk menning hefur notað íslensku en það væri vel hugsanlegt – þó ég sé ekki að mæla með því – að íslensk menning notaði annað tungumál en menningin yrði þá að sjálfsögðu eitthvað öðruvísi en sú sem við höfum haft.<sup>62</sup>

En íslensk menning á ensku yrði síður aðgreind frá menningu annarra þjóða, og vegna þess hve samfélagið er fámennt eru líkur á að það yrði aðallega þiggjandi á sviði menningar, ef þeirri vörn sem tungumálið veitir yrði kippt brott. Um leið er ekki ótrúlegt að áhugi þjóðarinnar á því að halda stjórnarfarslegu fullveldi myndi dofna.

*Eiríkur Rögnvaldsson*  
*Háskóla Íslands*

<sup>60</sup> Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*, bls. 210.

<sup>61</sup> Kristján Árnason: „Landið, þjóðin, tungan – og fræðin.“ *Skírnir*, 173. árg. haust 1999, bls. 449-466.

<sup>62</sup> Kristján Árnason, *Morgunblaðið* 84. árg. 1996, 229. tbl. 8. október, bls. 8.